

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur að höfðu samráði við heilbrigðisráðherra ákveðið að fela Tryggingastofnun ríkisins að annast meðferð mála vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrotaskipti. Félagsmálaráðherra tekur endanlega ákvörðun um hvort krafa um ríkisábyrgð á launum verði tekin til greina sbr. 11. gr. 1. nr. 88/1990.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 88/1990 og öðlast þegar gildi. Reglugerðin tekur til krafna í bú, sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta eftir 28. febrúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld 11. gr. rg. nr. 9/1980 um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og rg. nr. 247/1990 um ríkisábyrgð á launum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

7. ágúst 1990

Nr. 340

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

A.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Bugðulæk frá Rauðalæk að Laugalæk og skástæði að vestanverðu á götunni.

Ákvörðun þessi tekur gildi 12. september 1990.

B.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. á önefndri götu austan Skógarhlíðar nr. 6 verði gert ráð fyrir akstri SVR frá Skógarhlíð að Bústaðavegi. Við Bústaðaveg verði komið fyrir slá með opnunarbúnaði fyrir SVR.
2. einstefna verði á önefndri götu norðvestan við Vatnsmýrarveg nr. 37 frá Skógarhlíð að hægribeygjurampa milli Bústaðavegar og Vatnsmýrarvegar.

Ákvörðun þessi tekur gildi 23. ágúst 1990.

C.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. á Bústaðavegi vestan Kringlumýrarbrautar verði hámarkshraði 60 km á klukkustund.
2. hámarkshraði á Miklubraut vestan Kringlumýrarbrautar og á Hringbraut austan Bjarkar-götu verði 60 km á klukkustund.

Ákvörðun þessi tekur gildi 23. ágúst 1990.

D.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. einstefna á Sólvallagötu frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg með skástæðum að sunnanverðu.

2. einstefna á Sólvallagötu frá Framnesvegi að Bræðraborgarstíg með skástæðum að sunnarverðu.
3. einstefna á Vesturvallagötu frá Hringbraut að Holtsgötu með skástæðum að austanverðu. Ákvörðun þessi tekur gildi 22. ágúst 1990.

E.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Freyjugötu frá Njarðargötu að Mímisvegi og frá Barónsstíg að Mímisvegi, með skástæðum að norðanverðu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 21. ágúst 1990.

F.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. setja einstefnu á Miðstræti frá Skálholtsstíg að Bókhlöðustíg og að samsíða bílastæði verði áfram að austanverðu.
2. bann við bifreiðastæðum að vestanverðu verði afnumið á kaflanum gegnt lóðinni nr. 7 við Skálholtsstíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. september 1990.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. ágúst 1990.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að eftirfarandi reglur skuli gilda um hámarkshraða á Ísafirði, og breytist VI. kafli í auglýsingu um umferð á Ísafirði nr. 249/1989 til samræmis við það, sbr. og auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á Þjóðvegum:

- | | |
|--|-------------|
| 1. Frá Bæjarmörkum við Brúðarhamar á Súðavíkurhlíð að flugvallarvegi . . . | 90 km/klst. |
| 2. Frá vegamótum við flugvallarveg að þeim meðtöldum að Hafrafellshálsi . . | 70 km/klst. |
| 3. Frá Hafrafellshálsi að Menntaskólanum á Ísafirði | 60 km/klst. |
| 4. Frá Menntaskólanum á Ísafirði að Hafnarstræti | 50 km/klst. |
| 5. Frá Túngötu um Krók norður fyrir húsið nr. 10 við Hnífsdalsveg | 35 km/klst. |
| 6. Frá Hnífsdalsvegi 10 norður fyrir húsið nr. 35 við Hnífsdalsveg | 50 km/klst. |
| 7. Frá Hnífsdalsvegi 35 að Leiti í Hnífsdal | 70 km/klst. |
| 8. Frá Leiti í Hnífsdal að Búðarvör | 35 km/klst. |
| 9. Frá Búðarvör að bæjarmörkum á Ófæru utan við Seljadal í Óshlíð | 70 km/klst. |
| 10. Á öllum öðrum götum og vegum en að framan greinir | 35 km/klst. |
- Ákvæði þessarar auglýsingar öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Ísafirði, 3. ágúst 1990.

Pétur Kr. Hafstein.